

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **20-051F010**

Dags: **25. apríl 2020**

Staður: **Flugvöllurinn á Sandskeiði**

Lýsing: **Hafnaði utan flugbrautar í snertilendingu**

Flugmaður með einkaflugmannspróf hugðist æfa snertilendingar á flugbraut 15 á flugvelli á Sandskeiði á flugvél TF-ISE (Textron 172N).

Í þriðju snertilendingunni, klukkan 17:40, lenti flugmaðurinn flugvélinni vinstra megin við miðlínu og leitaði flugvélina mjög ákveðið til vinstri í lendingarbruninu. Fannst flugmanninum



sem vindur væri að ýta flugvélinni til vinstri. Að sögn flugmannsins, steig hann á hægra fótstig til að beita hliðarstýri til hægri til þess að fá flugvélina til að leita inn að miðlínu flugbrautarinnar, en án árangurs. Reyndi flugmaðurinn þá að bremsa eingöngu á hægra aðalhjóli, en var eins og það flyti ofan á lausri mól og flugvélina hélt áfram að leita til vinstri. Sá flugmaðurinn að hann stefndi á hatt í jaðri flugbrautarinnar en náði að forða því að lenda á hattinum. Fór vinstra aðalhjólið rétt utan við hattinn en nefhjólíð var rétt innan við hattinn.

Þegar vinstra aðalhjól flugvélarinnar fór út fyrir brautarkant flugbrautarinnar, sökk það í jarðveginn vegna holklaka. Snérist þá flugvélina enn meira til vinstri og fór nefhjól flugvélarinnar þá einnig út af brautinni og grófst í jarðveginn. Sökk nefhjólíð það mikið í

jarðveginn að loftskrúfan rakst einnig niður. Lyftist nefhjólíð svo aðeins upp úr jarðveginum áður en flugvélin stöðvaðist og kom þá loftskrúfan einnig upp úr jarðveginum. Stöðvaðist flugvélin að lokum með vinstra aðalhjólíð utan flugbrautarinnar og hreyfilinn í lausagangi.



Flugmaðurinn hafði um 200 flugtíma reynslu, þar af um 17 flugtíma síðasta árið og um 1 flugtíma síðustu 3 mánuði fyrir þetta flug.

Taldi flugmaðurinn að um 10 hnúta vindur hafi verið í landingunni og að pokinn hafi verið um 20° til vinstri frá brautarstefnu.

Stafrænir vindmælar á vegum Vegagerðarinnar eru staðsettir við flugvöllinn við Sandskeið og mæla þeir vinhraða í m/s.

NR	NAFN	DAGS	VINDATT	VINDHRADI	VINDHVIDA	HITI
17	Sandskeið	25.4.2020 17:00:00	101	4,836	6,37	9,51
17	Sandskeið	25.4.2020 17:10:00	94	5,235	6,664	9,47
17	Sandskeið	25.4.2020 17:20:00	107	5,185	6,86	9,09
17	Sandskeið	25.4.2020 17:30:00	105	4,719	6,272	9,34
17	Sandskeið	25.4.2020 17:40:00	107	4,834	6,468	9,13
17	Sandskeið	25.4.2020 17:50:00	109	4,664	5,978	9,23
17	Sandskeið	25.4.2020 18:00:00	119	4,762	6,468	9,07

Við rannsóknina kom í ljós að klukkan 17:40, þegar flugvélin hafnaði utan flugbrautarinnar í þriðju snertilendingunni, var vindhraði 4,8 m/s (9,3 hnútar) og 6,5 m/s (12,6 hnúta) vindhviður, úr vindáttinni 107°¹. Vindurinn² var mótvindur, 29° frá vinstri hlið brautarstefnu. Svipar þetta mjög því sem flugmaðurinn taldi. Samkvæmt veðurgögnunum hafði vindstefnan og vindstyrkurinn verið mjög svipuð í snertilendingunum á undan.

Flugmaðurinn lenti flugvélinni vinstra megin við miðlínu og er það mat RNAA að hann hafi misst stjórn á flugvélinni þannig að hún leitaði til vinstri í snertilendingunni. Telur RNAA einnig að þetta hafi ekki verið leiðrétt nægilega fljótt, en bremsuför eftir hægra aðalhjól voru sjáanleg þar sem vinstra aðalhjól fór út fyrir flugbrautina. Flugmaðurinn missti því flugvélinni í lausa mól og gljúpan jarðveg við og utan við flugbrautarkantinn.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 11.06.2020.

¹ Réttstefna, segulskekkja við Sandskeið er 14° vestur

² Horn milli flugstefnu og vindáttar = Flugbrautarstefna – Misvísun – Vindátt = 150° - 14° - 107° = 29°